

DRÓTTSKÁTAMÓT Á HÖMRUM 2022



NÝTT UPPHAF

Efnisyfirlit

Formáli	1
Mótsstjórn og starfsfólk	1
Mótsreglur	2
Gjaldmiðill	2
Þorpið	3
Kort	3
Dagskrátafla	4
Dagskrá	5
Matseðill	6
Útbúnaðarlisti	7

Formáli

Velkomin á dróttskátamótið nýtt upphaf. Við í mótsstjórn höfum lagt metnað okkar í að búa til spennandi skátamót með nokkuð nýstárlegu sniði. Það er okkar von að þetta fyrirkomulag, sem byggir nær algerlega á flokkastarfi, muni gera skátunum kleift að vera sjálfstæðari auk þess að beita kunnáttu sinni á nýjan og frumlegan hátt.

Markmið okkar er að byggja nýtt og betra samfélag þar sem hagsmunir okkar í mótsstjórn, sem erum sjálfkjörin í eigin embætti, eru í forgangi. Það er markmið þorpanna og flokkana innan þeirra að afla tekna. Eftir að samfélagið hrundi í kjölfar heimsfaraldurs, er það okkar hlutverk að reisa samfélagið úr öskunni.

Kveðjur, Jóhann Malmquist

Mótsstjórn og starfsfólk

Mótsstjóri

Jóhann Malmquist -Klakki
S: 6997546

Dagskrárstjóri

Sebastian Berg -Klakki

Tjaldbúðastjóri

Tumi Snær Sigurðsson -Klakki

Tæknistjóri

Anna Kristjana Helgadóttir -Klakki

Dagskrárnefnd

Ívar Þorleifur Barkarson -Klakki
Embla Þórgnýsdóttir Dýrfjörð -Klakki
Högni Gylfason -Kópum

Tækninefnd

Einar Örn Gíslason -Klakki
Bjarki Geir Benediktsson -Klakki

Starfsmaður mótsins

Sædís Ósk Helgadóttir

Mótsreglur

- Skátalögin eru lög mótsins.
- Mótsgestum ber að vera á mótssvæðinu meðan á móti stendur, nema ef um skipulagða dagskrá er að ræða. Sérstaka heimild mótsstjórnar þarf til að yfirgefa mótssvæðið.
- Reykingar eru með öllu óheimilar.
- Neysla áfengis eða vímuefna er með öllu óheimil á mótssvæðinu og varðar brottrekstri án undantekninga.
- Allur þjófnaður er kærður til lögreglu og varðar brottrekstri af svæðinu.
- Við setningu, slit og aðrar hátíðlegar athafnir skulu allir vera í skátabúning. Frá mótssætningu til mótsslita skulu allir að lágmarki bera skátaklút.
- Umferð farartækja um mótssvæðið er óheimil nema með leyfi mótsstjórnar.
- Allir gestir eru bundnir af reglum mótsins frá því þeir koma á mótssvæðið og þar til þeir yfirgefa það að móti loknu.
- Það er á ábyrgð fararstjóra að sjá til þess að reglur þessar séu haldnar og að mótsgestir fari í einu og öllu eftir fyrirmælum mótsstjórnar.

Gjaldmiðill

Á þessu móti þarf að vinna sér inn gjaldmiðill til þess að borga fyrir mat og aðrar nauðsynjavörur. Gjaldmiðill mótsins er Jóhann. Þegar flokkurinn tekur þátt í dagskrá vinnur hann sér inn Jóhann, sem má nota í búðinni til að kaupa inn. Þó að flokkarnir safni Jóhönum sjálfstætt er mikilvægt að þorpið safni saman peningum sínum áður en farið er í búðina.

Það er hægt að vinna sér inn Jóhann fyrir utan dagskrá, með því að uppfylla verkefni sem eru á verkefnalistanum í mótsstjórnartjaldinu. Einnig getur mótsstjórn sektað þorp um Jóhann, ef eitthvað er ábótavant. Ef þátttakendur týna peningunum sínum er ekki hægt að fá nýja, svo við hvetjum þorpin til að hugsa vel um fé sitt. Best er að þorpið tilnefni féhirði sem hefur umsjón með fjármálum þorpsins.




1 Jóhann

Þorpið

Á þessu mót sameinast nokkrir flokkar í einu þorpi. Flokkarnir þurfa allir að hafa flokksföngja. Að auki tilnefnið þorpið einn þorpshöfðingja. Flokksföngjar og þorpshöfðingjar eru fulltrúar þorpsins á þingi, sem er haldið 2 sinnum hvern dag. Á þingi er farið yfir málefni líðandi stundar, ágreiningur sem kann að koma upp leystur.

Hvert þorp fær úthlutað einum öldungi sem er þorpinu innan handar. Öldungurinn er skátaföngi sem upplifði tilveruna fyrir faraldurinn, og getur því miðlað sinni þekkingu til nýrra kynslóða.

Kort



Dagskrátafla

	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
8:00		FMFM	FMFM		FMFM
8:30					
9:00				FMFM	
9:30		Þing	Þing		Þing
10:00		Dagskrábil 1	Dagskrábil 1		Frágangur
10:30				Þing	
11:00				Dagskrábil 1	
11:30					
12:00		Hádegismatur	Hádegismatur		
12:30					
13:00				Hádegismatur	Hádegismatur
13:30		Dagskrábil 2	Dagskrábil 2		
14:00	Mæting byrjar				
14:30				Dagskrábil 2	Brottför
15:00					
15:30					
16:00					
16:30		Kaffitími	Kaffitími		
17:00					
17:30		Tjaldbúðaskoðun	Tjaldbúðaskoðun	Tjaldbúðaskoðun	
18:00					
18:30					
19:00	Matur	Matur	Matur	Matur	
19:30					
20:00					
20:30	Þing	Þing	Þing	Þing	
21:00	Setning	Flokkakeppni	Capture the flag	Kvöldvaka	
21:30					
22:00					
22:30	Kvöldkakó	Kvöldkakó	Kvöldkakó	Kvöldkakó	
23:00					
23:30	Kyrrð	Kyrrð	Kyrrð	Kyrrð	

Dagskrá

Á mótinu eru 5 mismunandi dagskrárþorp, sem eru: Nýjar hæðir, Ný áskorun, Ný tækni, Ný landsvæði og Ný siðmenning. Nýjar hæðir og Ný áskorun eiga sér stað fyrir hádegi. Ný tækni og ný siðmenning eiga sér stað eftir hádegi. Ný landsvæði pósturinn er gönguferð, sem mun vera bæði fyrir og eftir hádegi. Taflan hér að neðan sýnir hvaða hópur gerir hvað þann dag:

Dagur	Tímasetning	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3
Fimmtudagur	Dagskrábil 1: Dagskrábil 2:	Ný tækni Nýjar hæðir	Ný landsvæði	Ný áskorun Ný siðmenning
Föstudagur	Dagskrábil 1: Dagskrábil 2:	Ný landsvæði	Ný áskorun Ný siðmenning	Ný tækni Nýjar hæðir
Laugardagur	Dagskrábil 1: Dagskrábil 2:	Ný áskorun Ný siðmenning	Ný tækni Nýjar hæðir	Ný landsvæði

Flokkunum er skipt niður í dagskrárhópa á eftirfarandi hátt:

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3
Gulur 1	Andarungarnir	Rostungarnir
Svínin	Birnirnir	Blár 1
Jarðbúar	Vatnsbúar	Grænn 1
Eldbúar	Vindbúar	Gulur 2
Klakkur	Nerds	Gulur 3
Rauður 1	Rauður 2	Grænn 3

Matseðill

	Morgunmatur	Hádegismatur	Kaffítími	Kvöldmatur	Kvöldkakó
Miðvikudagur			Ávextir Djús Bakkelsi	Pylsur	Kex Kakó Kringlur Ávextir
Fimmtudagur	Brauð Hafragrautur Morgunkorn Ávextir	Kjúklingapasta	Ávextir Djús Bakkelsi	Píta	Kex Kakó Kringlur Ávextir
Föstudagur	Brauð Hafragrautur Morgunkorn Ávextir	Pólarpizza	Ávextir Djús Bakkelsi	Grænmetis- pasta	Kex Kakó Kringlur Ávextir
Laugardagur	Brauð Hafragrautur Morgunkorn Ávextir	Tortillavefjur	Ávextir Djús Bakkelsi	Hamborgari	Kex Kakó Kringlur Ávextir
Sunnudagur	Brauð Hafragrautur Morgunkorn Ávextir	Afgangar Samlokur			

Útbúnaðarlisti

Munum að hafa almenna skynsemi að leiðarljósi þegar við pakkað er niður. Þessi listi er ekki tæmandi. Hafið nóg af fötum til skiptanna, en veljið hentug föt. Hentugt er að pakka í plastpoka, t.d. zip-lock poka, eða vatnshelda pökkunarpoka fyrir þá sem eiga. Eins þarf að hafa poka fyrir óhrein föt. Það er mikilvægt að allur farangur rúmist í einum bakpoka, ekki marga lausa pakka og pinkla. Munið að merkja allan fatnað og útbúnað.

Fatnaður:

Nærföt
Sokkar/ullarsokkar (helst ekki bómullarsokkar)
Bolir
Ullarnærföt
Náttföt (gjarnan ullarnærföt)
Stuttbuxur
Sundföt
Buxur (ekki gallabuxur)
Peysur
Ullarpeysa og/eða flíspeysa (gjarnan til skiptanna)
Skátabúningur og klútur
Regnföt
Úlpa/vindjakki
Hlífðarbuxur
Húfa, buff, vettlingar
Strigaskór
Gönguskór (legghlífar fyrir þá sem eiga)
Sandalar/crocs fyrir vatnasafari og sull
Derhúfa/sólhattur

Snyrtiáhöld:

Handklæði
Sjampó/hárnæring/sápa (helst í litlum flöskum)
Tannbursti
Tannkrem
Hárbursti/hárgreiða
Sólarvörn
Naglaklippur
Svitalyktareyðir

Mataráhöld:

Grunnan disk
Djúpan disk
Hnífapör
Drykkjarkönnu (og glas)
Vatnsbrúsi
Æskilegt er að mataráhöldin séu létt og þægileg. Gott er að hafa mataráhöldin í diskapoka sem kemur í stað diskapurru.

Ýmislegt:

Svefnpoki

Einangrunrdýna/loftdýna

Koddi, lítill sem passar í hettuna á svefpokanum (ef vill)

Skátahnífur/vasahnífur

Vasaljós/höfuðljós

Áttaviti

Sógleraugu

Stílabók/skriffæri

Lyf (fyrir þá sem þurfa)

Ekki er æskilegt að skátarnir komi með stórar uppblásnar vindsængur, þar sem þær taka of mikið pláss þegar margir sofa saman í tjaldi. Þunnar loftdýnur og einangrunardýnur henta betur. Ef skátinn á ekki hlýjan svefnpoka er hægt að taka með þunnt flísteppi og hafa inn í svefnpokanum ef það verður kalt.